

Ár 2024, föstudaginn 19. janúar, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Gunnari Guðmundssyni, og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 13/2023:

Framkvæmdastjóri KSÍ
gegn
Afríku

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

Framkvæmdastjóri KSÍ

Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz

Kærði:

Afríka

Fyrirsvarsmaður: Zakaria Elías Anbari

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 18. ágúst 2023.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 18. ágúst 2023. Greinargerð barst frá kærða þann 19. ágúst 2023.

II.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að málið varði meint brot knattspyrnufélagsins Afríku og þjálfara/forystumanni Afríku á greinum 36.3 og 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Meint brot sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er lýst með eftirfarandi hætti:

„Þann 4. ágúst sl. barst til skrifstofu KSÍ tölvupóstur frá Stefáni Karli Arnarssyni. Efni tölvupóstsins er: „Notkun a mínu nafni af liði“. Efni tölvupóstsins gefur til að kynna að leikskýrsla í leik Afríku og Smára í 5. deild karla B riðli sem fram fór á OnePlus vellinum þann 3. ágúst 2023 hafi verið vísvitandi ranglega fyllt út.

Með greinargerð þessari fylgir ljósmynd af leikskýrslu sem fyllt var út og send til dómara leiksins frá Zakaria Elías Anbari framkvæmdastjóra Afríku og jafnframt þjálfara mfl. karla hjá Afríku.

Í samræmi við 40. gr. laga KSÍ getur viðurlögum við brotum á lögnum og reglugerðum KSÍ bæði verið beitt gagnvart félögum og/eða einstaklingum. Jafnframt segir í 34.7. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót að aga- og

úrskurðarnefnd KSÍ skuli beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hún að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur nefndin beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Undirrituð hefur því ákveðið í samræmi við grein 21.2. í lögum KSÍ að vísa meintu broti Afríku til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það er ósk undirritaðrar að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum í samræmi við lög KSÍ og/eða reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

III.

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:

„Ég var að fylla skýrslu en ég veit ekki hverníð kom nafni Hans Stefán up, þetta var mistök hjá mér en ég var að reyna fylla skýrslan mörg oft en hann kemur aldrei up til að prenta.og ég renndi mörg sínum fyrir framan dómara,kannski með því að reina oftast þá gerði ég mistök og setti nafni Hans Stefán.eg var para reina að flytja mér áður en leikurinn byrjaði,ég bið afsökunar fyrir þetta.“

Síðar barst uppfærð greinargerð frá kærða, þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Ég for yfir skýrslan aftur og ég sé að dómari gerði mistök en ekki ég.þanig að rétta skýrslan er þessi sem ég er að senda þér núna en ekki hít með varamenn sem dómari skrifaði sjálfur hann.“

V.

Niðurstaða:

Málið varðar útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik Afríku og Smára í 5. deild karla B riðli sem fram fór í OnePlus velliðum þann 3. ágúst 2023. Í greinargerð kæranda er vísað til þess að tölvupóstur hafi borist skrifstofu KSÍ þann 5. ágúst sl. frá Stefáni Karli Arnarssyni skráðum leikmanni Afríku. Efni tölvupóstsins hafi gefið til kynna að leikskýrsla fyrir leik Afríku og Smára hafi verið ranglega fyllt út af hálfu Afríku. Enn fremur hafi verið á það bent í tölvupósti að nafn Stefáns Karls hafi verið skráð á leikskýrslu leiksins. Hins vegar, samkvæmt frásögn Stefáns, þá hafi hann ekki verið meðal leikmanna í leiknum en hann verið staddur fjarri leikstað úti á landi á meðan leikur fór fram.

Um gerð leikskýrslu er vísað í 9. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót en þar segir að farið skuli eftir leiðbeiningum KSÍ við gerð hennar. Í Handbók leikja 2023, sem samþykkt var af stjórn KSÍ í samræmi við grein 1.4. sömu reglugerðar, er fjallað um skráningu úrslita og leikskýrslu. Þar segir að leikskýrsla skuli vera skráð m.a. með því að velja viðkomandi leikmenn úr tilheyrandi leikskýrslulista. Ljóst má vera að á leikskýrslu liðs er aðeins heimilt að velja þá leikmenn sem raunverulega taka þátt í viðkomandi leik. Auk þess skulu leikmenn vera hlutgengir til þátttöku með viðkomandi félagi í samræmi við 3. grein reglugerðar um knattspyrnumót.

Aga- og úrskurðarnefnd telur það óumdeilt að Stefán Karl Arnarsson, sem skráður var á leikskýrslu meðal varamanna Afríku í leik liðsins gegn Smára þann 3. ágúst 2023 hafi raunverulega ekki tekið þátt í umræddum leik. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að lið Afríku á leikskýrslu leiksins hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kærða. Kemur því til álita grein 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

Aga- og úrskurðarnefnd þykir ljóst, samkvæmt grein 36.3., að ef sýnt þykir að leikskýrsla hafi með vísitandi hætti verið ranglega fyllt út þá skuli liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nem tap hafi verið stærra og sæta sekt sem skal vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki. Sérstakur áskilnaður er gerður í ákvæðinu um að verknaður hafi verið framinn vísitandi svo því liði sem í hlut á sæti þeim viðurlögum. Í því máli sem hér liggur frammi fyrir nefndinni verður að leggja mat á, m.t.t. gagna málsins, hvort skráning Afríku á leikskýrslu í leik liðsins við Smára 3. ágúst sl. feli í sér brot skv. grein 36.3. og uppfylli áskilnað um vísitandi verknað.

Við sönnunarmat á meintu vísitandi broti Afríku hefur nefndin hliðsjón af dómi áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021 og máli nr. 4/2023. Ber nefndinni að gæta þess að sönnunarkröfur fyrir aga og úrskurðarnefnd séu uppfylltar við mat á sekt kærða í fyrirliggjandi máli. Nánar tiltekið þarf nefndin að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á að kærði hafi gerst brotlegur við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Við sönnunarmat nefndarinnar er í fyrsta lagi horft til þess að kærði hefur beðist afsökunar á mistökum sem upp komu við skýrslugerðina. Heldur kærði því fram að mistök hafi verið gerð vegna tæknilegra örðugleika við skráningu á leikskýrslu. Fyrir nefndinni liggur fyrir greinargerð frá dómara leiks Afríku og Smára þann 3. ágúst 2023 og ber hún þess merki að kærði telji sig hafa farið rétt að við gerð leikskýrslu umrædds leiks. Það er því mat nefndarinnar að í aðdraganda leiks Afríku og Smára hafi leikskýrsla leiksins fyrir verið ranglega fyllt út af hálfu Afríku. Hins vegar telur nefndin að ekki séu fullnægjandi líkur á að kærði hafi sýnt af sér vísitandi verknað þegar leikskýrsla í leik Afríku og Smára var ranglega fyllt út.

Að mati nefndarinnar liggur ljóst fyrir að leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kærða og skal kærði því sæta sekt að upphæð kr. 50.000 í samræmi við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

IV.

Úrskurðarorð:

Afríka skal sæta sekt að upphæð kr. 50.000,-

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Andri Valur Ívarsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]